



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá fyrir geymslusvæði að Ártúni 8

Gildir frá 8. maí 2025

Leiguverð á mánuði:

Svæði að stærð 3x8 m (24 m ²)	10.000 kr.
Svæði að stærð 3x12 m (36 m ²)	15.000 kr.
Afturkræft tryggingargjald fyrir lykil	15.000 kr.
- endurgreiðist ekki ef lykill glatast	

Þegar leigutaki kemur með muni til geymslu á svæðinu skal hafa samráð við áhaldahús sem vísar viðkomandi á geymslustað.

Leigutaka er óheimilt að áframleigja sínu úthlutaða svæði eða heimila öðrum afnot af því.

Innheimt verður í fyrsta sinn fyrir heilan mánuð fyrir allt sem kemur inn á svæðið á tímabilinu 1. - 15. hvers mánaðar og fyrir hálfan mánuð fyrir það sem kemur inn á svæðið á tímabilinu 16. - 31. hvers mánaðar. Geymslugjald er ekki endurgreitt fyrir hluta af síðasta geymslumánuði.

Leigutaki fær afhentan lykil og skal leggja fram 15.000 króna tryggingagjald við afhendingu, með staðgreiðslu. Tryggingin er endurgreidd án vaxta þegar leigutíma lýkur, eftir að stæðið hefur verið tæmt og lykli skilað.

Munir á geymslusvæði eru alfarið á ábyrgð leigutaka þó svæðið sé vaktað.

Leigutaki skal ganga snyrtilega um svæðið og ganga þannig frá munum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af.

Nánar er vísað í Reglur fyrir geymslusvæði Grundarfjarðarbæjar að Ártúni 8, sem samþykktar voru í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 8. maí 2025.

Breytt gjald samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 8. maí 2025

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri